

Nd.

23. Frumvarp til laga

[23. mál]

um breyting á lögum nr. 11 12. febr. 1940, um sölu og útflutning á vörum.

Flm.: Einar Olgeirsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Frjálst er að bjóða til sölu, selja og flytja út íslenskar afurðir, með þeim takmörkunum einum, sem þessi lög ákveða eða ákveðnar eru í öðrum lögum um gjald-eyrisverzlun.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni heimilast að auglýsa lágmarksverð á hverri vöru, sem út er flutt, og er hver útflytjandi skuldbundinn að bjóða eigi út né selja undir því lágmarksverði.

3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Nú gerir ríkisstjórnin samning við önnur ríki um sölu ákveðinna vörutegunda þangað, og er henni þá heimilt að ákveða, að eigi megi bjóða til þess ríkis, selja þangað eða flytja það magn af vörutegundum, sem hún hefur samið um sölu á, nema að fengnu leyfi hennar og með þeim skilyrðum, er hún setur.

4. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Nú selur útflytjandi eigi vöru sína gegn frjálsum gjaldeyri né upp í viðskipta-samninga almennt samkvæmt 3. gr. þessara laga, og skal honum þá heimilt að kaupa í skiptum vörur til innflutnings, enda sé innflutningur slíkra vara eigi bannaður eða aðeins leyfður einkasölum ríkisins. Skyldur er hann að hlíta lágmarksverði samkv. 2. gr. Eigi þarf innflutningsleyfi fyrir innflutningi vara, sem þannig eru keyptar, en tilkynna skal fjárhagsráði vörutegundir, verð, magn og komutíma. Skulu vörur þessar verðlagðar samkvæmt venjulegum álagningarreglum og einnig heimilt, ef þörf þykir, að setja á þær sama hámarksverð í smásölu og gildir um samsvarandi vörutegundir keyptar inn í landið fyrir frjálsan gjaldeyri, enda sé lágmarksverð samkv. 2. gr. miðað við sama verðlagsgrundvöll. Þyki þörf á slíku, skal það hámarksverð auglýst sem almennt smásöluverð viðkomandi vörutegunda.

Afhenda skal gjaldeyriseftirlitinu sölu- og kaupreikninga allra slíkra vöruskipta, og er því skylt að athuga, að eigi sé framinn gjaldeyrisflótti með slíkum vöruskiptum.

5. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni heimilast að banna innflutning á vissum vöruflokkum, sem þjóðin er ekki talin hafa efni á að flytja sinn, og skal hún fyrir 1. des. ár hvert birta skrá yfir þá vöruflokka, sem bannað er að flytja inn á komandi ári. Má ríkisstjórnin síðar á því ári fella niður bann á einstökum vöruflokkum, en ekki bæta nýjum við.

6. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Hver sá, sem flytur út vörutegund, sem áður hefur ekki verið flutt út frá landinu, skal hafa sama rétt og fyrir er mælt í 4. gr. og sömu skyldur.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vöruskortur er orðinn almennur í landinu sökum þeirra stjórnarháttá, sem nú ríkja á sviði innflutnings og útflutnings. Öllum ber saman um nauðsyn þess að efla útflutninginn og gera hann sem margbreytilegastan til þess að afla sem mestra vara inn í landið.

Reynslan hefur sannað, að núverandi fyrirkomulag, að einoka útflutningsverzlunina í höndum ríkisstjórnarinnar, hefur gefizt illa. Þetta frumvarp stefnir að því að vekja meiri áhuga á útflutningnum og tengja saman hagsmuni þeirra, sem flytja út og flytja inn. Það er óhjákvæmilegt, að þeir, sem flytja vörur inn í landið, verði að gera sér ljóst, að til þess að hægt sé að flytja vörurnar inn, þurfi þeir eins og aðrir eftir megni að hjálpa til við að flytja sem mest út og afla sem mestra markaða. Jafnframt er nauðsynlegt, að þeir, sem áhættuna hafa af framleiðslu til útflutnings, geti, ef þörf gerist, að nokkru leyti tekið til sín nokkuð af þeim hagnaði, sem venjulega hefur verið á innflutningsverzlun hér á landi, þótt tap hafi verið á útgerð.

Með þessu frumvarpi yrðu samkvæmt 4. gr. opnaðir möguleikar til vöruskipta við þau lönd, sem ríkisstjórnin hefur ekki gert sérstaka verzlunarsamninga við. Í þeirri hörðu baráttu, sem nú er háð um fiskmarkaðina, er þjóðinni nauðsynlegt, að allir kraftar séu notaðir til markaðsöflunar, og það er óvinnandi verk fyrir Íslendinga að vinna í stórum stíl nýja markaði, ef þeir eru fjötraðir einokunarböndum fjárhagsráðs og ríkisstjórnar hér heima. Og einmitt til þess að hagnýta sér einnig þá möguleika, sem vöruskiptaverzlun („clearingviðskipti“ og „compensation“) kann að bjóða, er nauðsynlegt að slaka á þeim höftum, sem nú eru. En um leið og slíkt yrði gert, þarf að reisa vissar skorður vegna almenningsheilla, og eru þær aðallega þessar:

1. Það þarf að hindra gjaldeyrisflóttu. Það er tilgangur 2. gr. laganna. Með því að heimila ríkisstjórninni að setja lágmarksverð á útfluttu vöruna, tryggir hún það tvennt í senn, að þjóðin fái gjaldeyri eða vörur, sem lágmarksverðinu samsvarar, fyrir útfluttu afurðirnar, og að útflytjendur undirbjóði ekki hver annan og skaði þannig hagsmuni þjóðarinnar.

2. Það þarf að tryggja hámarksverð á þeirri vöru, sem inn er flutt. Þetta er nauðsynlegt fyrir alþýðu manna, sem nú berst í bökkum vegna þeirrar dýrtíðar, sem núverandi stjórnarvöld hafa leitt yfir hana og leiða í æ ríkari mæli. — Það er tilgangur 4. gr. laganna að koma í veg fyrir, að vöruskiptaverzlunin verði hagnýtt til slíks. Nú er það svo, að Ísland verzlur eða getur verzlað við allmörg verðlagssvæði í heiminum og þarf að geta hagnýtt sér markaðina í þeim öllum. Á sumum þessara verðlagssvæða fæst ef til vill miklu hærra verð fyrir íslenskar vörur en á öðrum, en sumar vörur þaðan eru ef til vill líka mun dýrari. Þá þurfa útflytjendur og innflytjendur að eiga þess kost að jafna þessu verði sín á milli, þannig að eigi verði þau viðskipti til að auka dýrtíðina í landinu. Þann kost eiga þeir, ef þeir verða að skila lágmarksverði fyrir útfluttu vörurnar og mega selja innfluttu vöruna miðað við hámarksverð í smásölu, enda sé hvort tveggja miðað við sama verðlagssvæði, sem Ísland vildi halda sínu verðlagi á. Stundum mundu slík vöruskipti ef til vill gefa útflytjendum og innflytjendum riflegan hagnað, ef heppilega er selt og keypt, stundum yrði vafalaust mjög mjótt á mununum, og yrðu þeir þá að deila sín á milli um, hvernig þeir minnka milliliðakostnaðinn. Er það ekki nema heilbriggt.

3. Það þarf að tryggja það, að fyrst og fremst séu fluttar inn nauðsynja- og menningarvörur, en bannaður óþarfi og lúxus, meðan þjóðin hefur ekki efni á að veita sér hann. Það er tilgangur 5. gr. að tryggja þetta. Samkvæmt þeirri grein getur ríkisstjórnin bannað innflutning á vissum vöruflokkum, — og er þá algerlega bannað að flytja þá til landsins. Þannig gæti ríkisstjórnin t. d. bannað innflutning á bílum, ýmsum lúxusvörum, jafnvel ef hún álitir Coca-cola óþarfa, þá hefði hún heimild til að banna efnið í þann drykk og nota sykurrinn, sem í hann fer, til annars. Eigi þjóðin að spara við sig, verður sá sparnaður að ganga jafnt yfir alla, gæðingar valdhafanna

eiga ekki að fá þær vörur, sem almenningi er neitað um að fá innfluttar. — Með þessum ákvæðum getur ríkisstjórnin tryggt, að vöruskiptum sé einbeitt að nauðsynlegri vöru. En nauðsynlegt er, að slíkur bannlisti sé auglýstur fyrir fram fyrir hvert ár, svo að þeir, sem byggja að einhverju leyti framleiðslu sína á vöruskiptum, hafi eitthvað ákveðið að halda sér við. — Rétt er, að innflutningsáætlun yfir þarfir landsmanna sé birt fyrir fram fyrir ár hvert, eins og ætlað var til, að fjárhagsráð gerði, en að bæði bankar og þeir, sem annast innflutning og útflutning, ekki sízt á vöruskiptagrundvelli, geti á hverjum tíma fengið að vita bæði um áætlunina varðandi hverja vörutegund og hve miklar ráðstafanir séu þegar gerðar til þess að bæta úr þeirri þörf.

Tilgangur 6. gr. er að auka áhuga manna á því að finna nýjar afurðir eða vörur til að flytja út og efla þannig útflutning landsmanna. Það er m. a. nauðsynlegt að gefa íslenskum iðnaði þennan möguleika. Eigi sá iðnaður að geta borið sig, þarf að vera hægt að reka hann með fullum afköstum, en nú háttar svo til, að mikið af íslenskum iðnaði hefur nú svo mikil afköst, að hann gerir meira en að fullnægja þjóðarþörf. Það er alkunna, að aðrar þjóðir gera sig sérstaklega samkeppnisfærar í iðnaði með því að sitja í fyrsta lagi sjálfar að heimamarkaðinum, en geta svo flutt umfram vöruna út og hagnýtt þannig afkastagetu verksmiðja til fulls. Það er eitt af verkefnum þjóðarinnar að koma upp iðju og iðnaði í sem stærstum stíl, og það verður ekki gert nema með því, að ýtt sé undir framfarir og framtak í iðnaðinum, full hagnýting verksmiðjanna tryggð, framtaki einstaklinga og ýmissa samtaka gefnar frjálsari hendur og svo samtímis framtaki ríkisins beitt á þeim sviðum stóriðju, sem engum íslenskum einstaklingum væri fært né heppilegt þjóðarinnar vegna, að þeir legðu í, svo sem áburðarframleiðslu og sementsgerð.

Hefur nú verið gerð nokkur grein fyrir aðalatriðum þessa frumvarps. En ekki er nema eðlilegt, að sú spurning sé lögð fram, hvort hér sé um raunverulega möguleika til aukins útflutnings að ræða, ef svona frv. væri samþykkt. Ég skal því upplýsa eitt dæmi, til þess að sanna, að þessir möguleikar eru til, og vafalaust er svo um viðskiptamöguleika við fleiri lönd. Þetta dæmi er um Austur-Þýzkaland, eða Deutsche Demokratische Republik (DDR) eins og hið opinbera heiti þess ríkis er.

Viðskiptamöguleikarnir við DDR. Ég átti í sumar tal við verzlunarmálaráðherra DDR, herra Handke, og innti hann eftir möguleikum á viðskiptum við Ísland. Í svari verzlunarmálaráðuneytisins var látinn í ljós áhugi fyrir miklum viðskiptum á vöruskiptagrundvelli (clearing), og kvað ráðuneytið hinar ýmsu deildir innkaupastofnunar ríkisins reiðubúnað til þess að taka strax á móti fulltrúum íslenskra útflytjenda og innflytjenda, er hefðu fulla heimild til að gera samninga um hinar einstöku vörutegundir.

Samkvæmt tillögum verzlunarmálaráðuneytisins var ríkisstjórn DDR reiðubúin til þess að kaupa íslenskar vörur fyrir um tvær milljónir dollara (33 milljónir ísl. króna). Tiltók hún einkum eftirfarandi vörutegundir og þær upphæðir í amerískum dollurum, er hér greinir:

Hraðfrost fiskflök	500 þús. dollara.
Ísfisk	400 — —
Saltsíld	450 — —
Síldar- og fiskimjöl	250 — —
Síldarlýsi	250 — —

Og enn fremur hafði hún áhuga á að kaupa þorskalýsi, roð, gærur, garnir, ull o. fl. íslenskar útflutningsvörur.

Þær þýzkar framleiðsluvörur, sem verzlunarmálaráðuneytið lagði til, að kæmu í skiptum, voru sem hér segir:

Vefnaðarvara.

Rafmagnsvörur ýmiss konar, þ. á m. efni til rafleiðslna, rafvélar allt að 100 kw., spennar og spennistöðvar, mælitæki, rafmagnseinangrunarefni, rafmagnstæki, símatæki og símaþræðir o. fl.

Byggingarjárn og hreinlætistæki til húsa.
 Gler og glervörur.
 Salt.
 Ýmiss konar vörur fyrir iðnaðinn.
 Sjóntæki hvers konar, lækningatæki, myndavélar, röntgentæki o. fl. þess háttar.
 Þessir vöruflokkar, er nú hafa verið greindir, mundu vera rúmur helmingur vara þeirra, er kæmu frá DDR. Hinir vöruflokkarnir yrðu margvíslegri og minna af hverjum, svo sem:

Ýmiss konar byggingarefni, þ. á m. þakpappi, sement o. fl.
 Pappavörur.
 Önglar, kaðlar, net o. fl.
 Landbúnaðarvélar og landbúnaðartæki og varahlutir.
 Sauma- og þrjónavélar.
 Ýmiss konar vélar og varahlutir.
 Búsáhöld ýmiss konar.
 Verkfæri.
 Skrifstofuáhöld, skólatæki, pappírsvörur o. fl.
 Hljóðfæri og tónlistarvörur.
 Lyf, sjúkratæki, vinandi o. fl.
 Áburður.
 Útvarpsviðtæki og varahlutar í þau.
 Trjávörur, húsgögn o. fl.
 Frostlögur.
 Kvikmyndir, bækur, tímarit o. fl.
 Reiðhjól og varahlutir.
 Leirvörur og postulínsvörur.
 Efnafræðilegar vörur (chemikalien) og svipuð framleiðsla.
 Úr og fleira.

Svo sem sjá má af þessari upptalningu, þá væri þarna um þrjátíu vöruflokka að ræða og ótal vörutegundir innan hvers. Heita má, að allt séu þetta nauðsynlegar vörur og menningarvörur og mikill skortur á flestum.

Það liggur í augum uppi, að það væri óvinnandi vegur að ætla að kaupa allar þessar vörur í vöruskiptum með því að ætla að fá leyfi fjárhagsráðs í hvert skipti fyrir hverri vöru. Reynslan sýnir þegar, að Ísland missir þau viðskipti, sem dauð hönd skrifinnskunnar þannig er lögð á. Væri hins vegar ákveðið opinbert hámarksverð á öllum vörutegundum, þá vissu þeir, sem væru að semja, að hverju þeir yrðu að halda sér í innkaupunum, og gætu hagað þeim eftir því.

Ég skýrði þjóðinni frá þessum viðskiptamöguleikum, er heim kom, m. a. með viðtali við ríkisútvarpið og enn fremur sérstaklega þeim íslenskum útflytjendum, sem ég þóttist vita, að hefðu mestan áhuga á þeim.

Ríkisstjórnin gaf út opinbera yfirlýsingu út af þessari frásögn minni. Að öðru leyti hef ég ekki orðið var við áhuga ríkisstjórnarinnar á þessum viðskiptum. Ég svaraði þeirri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar með eftirfarandi yfirlýsingu 13. sept. 1950:

„Út af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um viðskipti við Austur-Þýzkaland vil ég taka eftirfarandi fram:

1. Ríkisstjórnin hefur aldrei gefið samninganefnd þeirri, er hún sendi til Berlín, fullt umboð til að undirrita verzlunar- og viðskiptasamninga við stjórn Þýzka lýðveldisins. — Það er hér með skorað á ríkisstjórnina að svara því afdráttarlaust, hvort hún hafi gefið slíkt umboð eða ekki.

2. Ríkisstjórnin hefur enga tilburði sýnt til þess að reyna sammingsviðræður að nýju í haust, enda var þess ekki að vænta, þar sem tilgangur ríkisstjórnarinnar virð-

ist vera sá einn með viðræðum, að reyna að fá „sannanir“ fyrir því, að ekkert sé hægt að gera.

3. Norðmenn, Svíar og Danir hafa undanfarið gert hvert tilboðið á fætur öðru til þýzku lýðveldisstjórnarinnar um að selja henni fisk, jafnvel með lánskjörum. Ég sneri mér til verzlunarráðherrans þýzka, vegna þess að ég sá, að íslenska ríkisstjórnin mundi með afskiptaleysi sínu ætla að láta Ísland verða aftur úr í baráttunni um fiskmarkaðinn í Austur-Þýzkalandi. Undirtektir íslensku ríkisstjórnarinnar sýna nú, að hún er að visu hrædd við almenningsálitið hér heima, en ætlar sér, með því að halda einokunarvaldinu í sínum höndum, að hindra, að nokkuð verði gert.

4. Íslenska ríkisstjórnin segist í tilkynningu sinni hafa fyrst og fremst sózt eftir „sykri, fóðurvörum og rúgmjöli“, með öðrum orðum þeim vörum, sem hún sízt hjóst við, að hægt væri að fá. Mikið má vera, ef hún hefur ekki heimtað stál fyrir freðfisk. Það er því auðséð, að frá upphafi er stílað upp á að láta samningana mistakast. Þær vörur, sem eðlilegt er fyrir Austur-Þýzkaland að láta, eru fyrst og fremst vefnaðarvörur, rafmagnsvörur, ýmiss konar iðnaðarvörur o. fl. o. fl. Og almennt mun þykja gott að geta fengið slíkar vörur í skiptum fyrir fisk.

5. Stjórn Þýzka lýðveldisins lýsti sig reiðubúna til þess að taka á móti fulltrúum íslenskra útflytjenda og innflytjenda, er hefðu fullt umboð til að gera samninga um kaup og sölu hinna einstöku afurða innan þess heildarsamnings um ca. 33 milljónir króna, sem um er rætt. — Spurningin, sem nú liggur fyrir íslensku ríkisstjórninni, er, hvort hún ætlar að veita Íslendingum frelsi til þess að gera þessa samninga eða ekki. Það hefur enginn maður trú á, að afskipti ríkisstjórnarinnar og fjárhagsráðs hennar af þessum málum geri annað en eyðileggja alla möguleika. Reynslan er ólygnust í því efni.

En hitt er rétt fyrir þjóðina að athuga, að ríkisstjórn og fjárhagsráð taka á sig ábyrgðina af því að láta fiskinn eyðileggjast hér heima og þær vefnaðarvörur og aðrar nauðsynjavörur vanta, sem hægt væri að fá fyrir hann. Þjóðin krefst frelsis til að vinna, framleiða og verzla. Það er einokunarstjórnin, sem neitar henni um þetta frelsi.

Ég leyfi mér hér með að skora á ríkisstjórnina að gefa Íslendingum verzlunina við Austur-Þýzkaland frjálssa, svo að það fáiast á einu litlu sviði sannanir fyrir því, hvað hægt er að gera, ef Íslendingar hafa verzlunárfrelsi, móts við það, sem verzlunareinokun ríkisstjórnarinnar afrekar. — Reykjavík, 13. sept. 1950. Einar Olgeirsson.“

Ríkisstjórnin hefur enn ekki orðið við þeirri áskorun, er ég beindi til hennar. Samtímis versna nú í sífellu markaðs- og framleiðslumöguleikar vorir, heinlínis vegna þess einokunarkerfis, sem þjóðin nú stynur undir.

Ég hef rakið það dæmi, sem nú var greint, svo ýtarlega vegna þess, að það er ein sönnun þess, hve mikil verðmæti eru í húfi og fara forgörðum, ef einokuninni er haldið áfram.

Vöruskorturinn og markaðsvandræðin eru fyrst og fremst sök ríkisstjórnarinnar og einokunarkerfis hennar. Vilji hún ekki lina á einokun sinni, svo sem þetta frv. fer fram á, þá tekur hún opinberlega á sig eina sökina á þeim vöruskorti og því efnahagshruni, sem einokunarstefna hennar er að leiða yfir þjóðina.